

Ár 2008, fimmtudaginn 27. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2007**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækið F**

og kveðinn upp svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r:**

**I.**

**Málsmeðferð.**

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. desember 2007 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. janúar 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 29. janúar 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. janúar, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 15. febrúar 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. janúar, 12. mars og 27. mars 2008.

**II.**

**Málsatvik.**

Sóknaraðili hóf búskap í **A**, og stundaði þar einkum alifuglarækt og eggjaframleiðslu. Átti hann jörðina ásamt móður sinni og sjö systkinum. Skömmu eftir síðustu aldamót stóðu yfir samningaviðræður milli sóknaraðila og systkina hans um að hann keypti hlut þeirra í jörðinni, en ekki varð af samkomulagi. Vanskil urðu á áhvílandi lánnum og var jörðin seld á uppboði í ágúst 2002 og aftur 22. september 2003. Var hún í síðarnefnda skiptið slegin **A**, sem var í eigu systkina sóknaraðila. Gerði sóknaraðili tilraunir til að kaupa jörðina af félaginu en varð ekki ágengt. **A**, komst í ágúst 2004 í eigu mágs sóknaraðila annars vegar og útbússtjóra varnaraðila á **B**, hins vegar. Varnaraðili synjaði sóknaraðila um lánaþyrngreiðslu til kaupa á jörðinni í desember 2003 og aftur í desember 2004. Óskaði sóknaraðili þá aðstoðar stjórnar varnaraðila við að eignast jörðina með bréfi, dagsettu 27. desember 2004. Ekki verður séð af gögnum málsins að því erindi hafi verið svarað. Sóknaraðili var borinn út af jörðinni að beiðni **A**, og hefur átt í málaferlum við félagið vegna þess.

Sóknaraðili kærði afgreiðslu varnaraðila og afskipti nefnds útibússtjóra í kaupum á jörðinni **A**, til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 13. október 2006. Mun stofnunin hafa ráðlagt sóknaraðila að leita til úrskurðarnefndarinnar.

Sóknaraðili bar fram kvörtun við úrskurðarnefndina, dagsetta 2. ágúst 2007, sbr. mál nr. 9/2007. Málinu var vísað frá úrskurðarnefndinni 25. október 2007 á þeim forsendum að ekki væri uppfyllt skilyrði 5. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, um að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Að gengnum nefndum úrskurði úrskurðarnefndarinnar krafði sóknaraðili varnaraðila með bréfi, dagsettu 8. nóvember 2007, um greiðslu á kr. 810.578.752 auk dráttarvaxta. Var varnaraðila gefinn tíu daga frestur til að greiða kröfuna eða semja um greiðslu hennar. Ekki verður séð að varnaraðili hafi svarað erindi sóknaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 18. desember 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveðst gera svofelldar kröfur fyrir úrskurðarnefndinni:

*„A. Viðurkenningar á bótaskyldu [varnaraðila] vegna afgreiðslu [varnaraðila] á beiðni [sóknaraðila] um fyrirgreiðslu til kaupa á jörðinni **A**, í júní 2004 og afskipta og þátttöku [nafngreinds] útibússtjóra í kaupum á sömu jörð.*

*B. Þá krefst [sóknaraðili] bóta að fjárhæð kr. 10.578.752,-, auk dráttarvaxta frá 5. september 2006 til greiðsludags.*

*C. Einnig krefst [sóknaraðili] greiðslu bóta að fjárhæð kr. 800.000.000,-.“*

Sóknaraðili styður kröfur sínar þeim rökum að útibússtjóri varnaraðila á **B**, hafi komið í veg fyrir að hann fengi fyrirgreiðslu hjá varnaraðila til kaupa á jörðinni **A**. Hafi útibússtjórinn síðan sjálfur gengið inn í sömu viðskipti ásamt félaganum sínum og hafi varnaraðili fjármagnað kaupin. Hafi aðkoma útibússtjórans verið óeðlileg og falið í sér brot gegn VII. kafla laga nr. 161, 2002 um fjármálafyrirtæki, einkum 56.-58. gr. Beri varnaraðili bótaábyrgð á greindum starfsmanni sínum.

Sóknaraðili krefst annars vegar bóta vegna útlagðs kostnaðar, kr. 10.578.752. Sundurliðast sú fjárhæð í lögfræðikostnað, kr. 3.378.752, og greiðslu til **A**, kr. 7.200.000. Hins vegar krefst sóknaraðili bóta fyrir annað tjón, sem hann kveður nema núverandi verðmæti jarðarinnar. Krefst hann kr. 800.000.000 vegna þessa.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að þeim verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sína vísar varnaraðili til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé ruglingslegur og hafi engin gögn verið lögð fram sem styðji fullyrðingar hans um ólögsmæta aðkomu varnaraðila að ákvörðunum um að hafna lánveitingum til sóknaraðila. Þá kveður varnaraðili skaðabótakröfu sóknaraðila með öllu vanreifaða og tilvísanir til lagaákvæða án tenginga við málið. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til b- og e-liðar 6. gr. og 7. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili kveður tvö lánaerindi hafa borist frá sóknaraðila á þeim tíma sem sé til umfjöllunar og hafi hafi þau bæði borist í gegnum útibú varnaraðila í **C** þar sem sóknaraðili hafi verið í viðskiptum. Hafi útibússtjóri varnaraðila á **B**, ekkert haft með viðskipti sóknaraðila hjá varnaraðila að gera og ekki komið nálægt ákvörðunum um viðskipti sóknaraðila. Hafi það verið lánanefnd fyrirtækjasviðs varnaraðila sem hafnaði beiðnum sóknaraðila um lán þann 30. desember 2003 og aftur 23. desember 2004. Ástæður þess hafi m.a. verið þær að ekki hafi átt að leggja fram neitt eigið fé, veðhlutfall hafi verið talið of hátt og rekstur gengið illa, auk þess sem varnaraðili hafi verið stór lánardrottinn í alifuglarækt. Hafi ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt ráðið niðurstöðum varnaraðila um að hafna lánsbeiðnum sóknaraðila.

## V.

### Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili annars vegar viðurkenningar á bótaskyldu varnaraðila vegna synjunar á lánveitingu til sóknaraðila til kaupa á tiltekinni jörð í **D**, og þátttöku útibússtjóra varnaraðila í kaupum á jörðinni. Hins vegar krefst hann skaðabóta að fjárhæð kr. 810.578.752, auk dráttarvaxta af kr. 10.578.752 frá 5. september 2006 til greiðsludags. Varnaraðili hefur aðallega uppi þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum hans verði hafnað.

Aðalkröfu sínar styður varnaraðili þeim rökum að málatilbúnaður sóknaraðila sé ruglingslegur, skaðabótakrafa hans með öllu vanreifðu og tilvísanir til lagaákvæða án tenginga við málið. Krafa sóknaraðila um tilgreindar skaðabætur byggir á þeirri málsástæðu að varnaraðili hafi bakað sér bótaskyldu með aðgerðum sínum eða athafnaleysi. Yrði fallist á skaðabótakröfu sóknaraðila myndi sú niðurstaða byggjast á því að varnaraðili hefði bakað sér slíka bótaskyldu. Viðurkenningarkrafa sóknaraðila er því hluti af málsástæðum hans til stuðnings fjárkröfu sinni. Verður því að vísa henni frá úrskurðarnefndinni. Skaðabótakrafa sóknaraðila er hins vegar sett fram með skýrum hætti og að hluta til studd reikningum. Þrátt fyrir að málatilbúnaður sóknaraðila sé ekki með nægilega skýrum hætti þykir nokkuð ljóst að hann telur útibússtjóra varnaraðila á **B**, hafa gengið fram með þeim hætti gagnvart sóknaraðila að bakað hafi varnaraðila bótaskyldu gagnvart sóknaraðila. Eru því ekki alveg nægjanleg efni til að vísa málinu í heild frá úrskurðarnefndinni. Verður kröfu varnaraðila um frávísun því að öðru leyti hafnað.

Málatilbúnað sóknaraðila þykir verða að skilja svo að hann telji varnaraðila bera skaðabótaábyrgð á meintri saknæmri háttsemi útibússtjóra varnaraðila á **B**, sem falist hafi í að koma í veg fyrir að sóknaraðili fengið notið fyrirgreiðslu varnaraðila við að kaupa aftur jörðina **A**, sem hafði verið í eigu sóknaraðila, en í tvígang verið seld nauðungarsölu. Fyrir liggur að beiðnir sóknaraðila um lánafyrirgreiðslu fóru í gegnum útibú varnaraðila í **C**, og þaðan fyrir lánanefnd varnaraðila. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að umræddur útibússtjóri hafi með einhverjum hætti haft áhrif á synjun varnaraðila um fyrirgreiðslu eða að sú synjun hafi á einhvern hátt verið óréttmæt eða óeðlileg. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að téður útibússtjóri hafi með einhverjum öðrum hætti sýnt af sér saknæma háttsemi í starfi sínu fyrir varnaraðila þannig að valdið geti bótaábyrgð varnaraðila. Verður þá þegar af þessum ástæðum að hafnað öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Vísað er frá úrskurðarnefndinni kröfu sóknaraðila, **M**, um viðurkenningu á bótaskyldu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins **F**, „vegna afgreiðslu [varnaraðila] á beiðni [sóknaraðila] um fyrirgreiðslu til kaupa á **A**, í júní 2004 og afskipta og þátttöku [nafngreinds] útibússtjóra í kaupum á **A**“. Að öðru leyti er frávísunarkröfu varnaraðila hafnað.

Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 27. mars 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir